

Kennari:	Inga Björg Ólafsdóttir	Skammst.	IBÓ
----------	------------------------	----------	-----

ÁFANGALÝSING:

Í áfanganum er fjallað um stöðu aldraðra í samfélaginu og þá félagsþjónustu sem öldruðum stendur til boða. Jafnframt er lögð áhersla á sjálfsákvörðunarrétt aldraðra og þau réttindi sem öldruðum eru tryggð samkvæmt lögum. Hugmyndafræði og helstu kenningar í öldrunarhjúkrun eru skoðaðar. Farið er yfir helstu andlegar, félagslegar og líkamlegar breytingar sem fylgja hækkandi aldri. Fjallað er um helstu sjúkdóma og heilsufarsvandamál sem hrjá aldraða og viðeigandi hjúkrun. Kynntar eru aðferðir til þess að meta áhrif sjúkdóma og heilsuþrengis á virkni og vellíðan aldraðra. Fjallað er um mikilvægi heilbrigðs lífsstíls á efri árum með áherslu á forvarnir og heilsueflingu til að auka lífsgæði og vellíðan aldraðra. Sorg og sorgarviðbrögð eru tekin til umfjöllunar. Lögð er áhersla á sérstakar hjúkrunarþarfir einstaklinga við lífslok og líknarmeðferð. Mikil áhersla er lögð á þverfaglega samvinnu, fagleg vinnubrögð, yfirsýn og heildræna nálgun við hjúkrun aldraðra hvort sem er á stofnunum eða á heimilum.

MARKMIÐ:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- líkamlegum, andlegum og félagslegum breytingum sem fylgja hækkandi aldri
- áhrifum algengra öldrunarsjúkdóma á virkni og lífsgæði aldraðra
- aðferðum og mælitækjum sem notuð eru til að meta vitsmunalega færni, sjálfsbjargargetu og aðstæður aldraðra
- forvarnargildi og mikilvægi heilbrigðis lífsstíls á efri árum
- þeirri þjónustu og stuðningi sem öldruðum stendur til boða í samfélaginu
- kenningum sem fjalla um aðlögun að heilsuþrengi, sorg og missi
- lífsloka- og líknarmeðferð
- þverfaglegri teymisvinnu í málefnum aldraðra

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota viðurkenndar aðferðir og kvarða til þess að meta sjálfbjargargetu aldraðra
- hjúkra öldruðum á heildrænan hátt með tilliti til félagslegs, andlegs og líkamlegs ástands
- hjúkra öldruðum á líknandi meðferð og við lífslok
- greina mun á eðlilegum öldrunarbreytingum og sjúkdómsástandi hjá öldruðum
- greina áhrif öldrunarbreytinga á virkni og lífsgæði aldraðra

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í þverfaglegri teymisvinnu um málefni aldraðra
- miðla á faglegan hátt upplýsingum um hjúkrun aldraðra
- fræða aldraða um heilbrigðan lífsstíl og þá þjónustu sem þeim stendur til boða í samfélaginu
- nýta kenningar um aðlögun að sorg og missi í hjúkrunarstörfum

NÁMSGÖGN:

Hjúkrun 3. þrep. Hjúkrun aldraðra. Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir ritstjóri, gefin út 2017 af lðnó.
Efni frá kennara.

ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ OG FYRIRLÖGN NÁMSMATSÞÁTTA:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Vika 5	1. og 2. kaflar. Öldrun. Heilbrigðisþjónusta í nærumhverfi	Verkefni 1	3%
Vika 6	3. og 4. kaflar. Mælitæki og sykursýki	Verkefni 2	3%
Vika 7	5. og 6. kaflar. Vandamál tengd sjón og heyrn. Byltuhætta.	Verkefni 3	3%
Vika 8	7. kafli. Sjúklingar með óráð og heilabilun	Verkefni 4	3%
Vika 9	8. og 9. kaflar. Áföll og sorg. Líknarhjúkrun og líknarmeðferð.	Verkefni 5	3%
Vika 10	10. og 11. kaflar. Endurhæfing og virkni.	Verkefni 6 Ritgerð skiluð á turnitin	3% 20%
Vika 11	12. og 13. kaflar. Virkni og lífsgæði. Dagleg viðfangsefni og áætlanagerð.	Verkefni 7	3%
Vika 12	14. og 15. kaflar. Hreyfing alla ævi. Næringarþarfir aldraðra.	Verkefni 8	3%
Vika 13	16. 17 og 18. kaflar. Tengsl og samskipti. Félags- og tómstundastarf í nærumhverfi. Verklegt og persónuleg aðstoð.	Verkefni 9	3%
Vika 14	19. og 20. kaflar. Fagaðli og fulltrúi yfirvalda. Lög og sjálfsákvörðunarréttur.	Verkefni 10	3%
Vika 15	21. og 22. kaflar. Nauðung og valdbeiting. Velferðartækni.	Verkefni 11 Annarpróf	3% 20%
Vika 16	Páskafri		
Vika 17-19	23. og 24. kaflar. Vinnustellingar. Flutningstæki og hjálpartæki.	Verkefni 12	3%

Hjúkrun fullorðinna 3 HJÚK3ÖH05
Námsáætlun vorönn, 2025
Fjarnám.



NÁMSMAT OG VÆGI NÁMSMATSÞÁTTA:

Matsform: <input type="checkbox"/> Símat <input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmat spættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Heima-verkefni	Vikuleg verkefni á moodle. Ef verkefni berst innan hálf mánaðar frá því að það er sent þá er einkunnin reiknuð að fullu. Tíu hæstu gilda til einkunnar.	30 %
Ritun	Heimildaritgerð úr völdu efni áfangans	20 %
Annarpróf	Annarpróf á moodle	20 %
Lokapróf	Lokapróf í maí	30 %
	Samtals:	100%
<u>Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í Innu á því formi sem best hentar.</u> Annað: Ná þarf 40% árangri í lokaprófi til að vetrareinkunn reiknist með. Ath. nemendum ber að ljúka öllum námsmatsþáttum.		